



ÁÐALFUNDUR 8. APRÍL 2011

DAGSKRÁ
SKÝRSLA STJÓRNAR
ÁRSREIKNINGUR 2010

EFNISYFIRLIT

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR	2
SKÝRSLA STJÓRNAR	3
1 INNGANGUR	3
2 INNRI STARFSEMI	4
2.1 Fyrirmyndir Vistbyggðarráðs	4
2.2 Forsaga félagsins	4
2.3 Stofnfélagar	4
2.4 Tekjur félagsins	2
2.5 Stjórn	2
2.6 Starfsmenn og starfsstöðvar	2
2.7 Starfsemi	2
2.8 Vinnuhópar	2
2.9 Stefnumótun - undirbúningur	3
3 YTRI STARFSEMI	4
3.1 Kynningarmál	4
3.2 Vefsíða Vistbyggðarráðs	4
3.3 Opnir fundir	4
3.4 Ráðstefna norrænu vistbyggðarráðanna í febrúar 2011	5
3.5 Undirbúningur ráðstefnu Vistbyggðarráðs og Vistmenntar	5
4 INNLENT OG ERLENT SAMSTARF	6
4.1 Norrænu vistbyggðarráðin	6
4.2 Vistmennt	6
4.3 Vistland	6
4.4 Styrkur TEG	7
5 AÐ LOKUM	8

ÁRSREIKNINGUR 2010

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

Aðalfundur Vistbyggðarráðs er haldinn föstudaginn 8. apríl 2011 kl.14:00 í húsnæði Háskólans í Reykjavík við Menntaveg 1.

Dagskrá:

1. **Kosning fundarstjóra og ritara.**
2. **Skýrsla stjórnar.** Kristveig Sigurðardóttir, formaður Vistbyggðarráðs, fer yfir störf félagsins á starfsárinu.
3. **Reikningsskil.** Lagðir eru fram endurskoðaðir og áritaðir reikningar félagsins.
4. **Starfsáætlun 2011.** Sigríður Björk Jónsdóttir, framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs, fer yfir starfsáætlun fyrir árið 2011.
5. **Lagabreytingar.** Tillögur að breytingum á lögum félagsins.
6. **Ákvörðun félagsgjalda.**
7. **Kjör stjórnar.** Kosnir verðar 2 aðalfulltrúar til tveggja ára og einn varafulltrúi til 2 ára.
8. **Kosning löggilts endurskoðanda.**
9. **Önnur mál.**

Lagabreytingar

Tillaga að breytingu á 4. grein laga um aðild.

Í 4. gr. laganna segir: Starfandi íslensk fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög geta orðið aðilar. Umsóknum um aðild skal beina til stjórnar og skal umsóknaraðild afgreidd á stjórnarfundi. Aðilar skulu greiða árgjald fyrir 1. mars ár hvert ellegar falla af aðildarlista. Stjórn félagsins gerir tillögu að árgjaldi og leggur fyrir aðalfund. Aðilar skipa sér í flokka eftir upphæð árgjalds sem þeir velja af lista og hljóta áhrif í samræmi við þann flokk sem þeir skipa sér í. Flokkarnir skulu vera 3 talsins og færir lægsta upphæðin aðila í 3. flokk með eitt atkvæði á aðalfundi, næst lægsta upphæðin færir aðila í 2. flokk með 3 atkvæði og hæsta upphæðin færir aðila í 1. flokk með 5 atkvæði á aðalfundi. Einn og sami fulltrúi fer með öll atkvæði aðilans á fundi. Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins um úrsögn fyrir 1. mars ár hvert.

Breytingatillaga:

Stjórn leggur til að síðustu málsgrein í 4. grein verði breytt á þann hátt að í stað þess að þar standi:

„Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins um úrsögn fyrir 1. mars ár hvert“, komi „Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins úrsögn fyrir 1. febrúar ár hvert.“

Ákvörðun félagsgjalda

Tillaga stjórnar um aðildargjöld.

„Stjórn Vistbyggðarráðs leggur til að aðildargjöld Vistbyggðarráðs verði óbreytt fyrir árið 2011.“

SKÝRSLA STJÓRNAR

1 INNGANGUR

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænum byggingaraðferðum og skipulagi.

Tilgangur Vistbyggðarráðs er að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Samtökin skulu hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti ávallt búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði í vistvænni byggð.

Markmið samtakanna byggjast í grófum dráttum á eftirfarandi atriðum:

- Að skilgreina íslensk viðmið fyrir vistvæna byggð sem auðvelda hönnuðum og hagsmunaaðilum að þróa í auknum mæli vistvænar áherslur við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi.
- Að styðja við faglega umræðu og rannsóknir á sviði vistvæns skipulags og mannvirkjagerðar.
- Að stuðla að fræðslu almennings og hagsmunaaðila á Íslandi um vistvænt skipulag og mannvirki.
- Að stuðla að samvinnu við erlendar systurstofnanir með það að markmiði að miðla af okkar reynslu og nýta þekkingu frá öðrum löndum.

Mikilvægt er fyrir litla þjóð að sameinast um framfarir á sviði vistvænna áherslna í byggingariðnaðinum öllum. Því er nauðsynlegt að nýta þá þekkingu sem til er víða um heim en einnig að aðlaga aðferðir og tækni frá öðrum löndum að þeim aðstæðum sem við búum við hér á landi.

Stofnfundur Vistbyggðarráðs var haldinn þriðjudaginn 23. febrúar 2010. Starfsárið sem nú er að líða er því fyrsta starfsár ráðsins. Stofnfélagar, þ.e. þau fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir sem gerðust meðlimir á fyrsta starfsárinu, eru 31 talsins.

Óhætt er að segja að fyrsta starfsár Vistbyggðarráðs hafi verið viðburðarríkt og skemmtilegt og margt hefur þegar áunnist. Má þar sem dæmi nefna að ráðin hefur verið framkvæmdastýra, heimasíða hefur verið sett upp, settir hafa verið af stað fimm vinnuhópar, haldnir hafa verið fimm opnir fundir og unnið hefur verið markvisst að myndun tengslanets við norrænu vistbyggðarráðin sem meðal annars skilaði sér í mjög vel heppnaðri samnorrænni ráðstefnu í febrúar 2011. Það er trú mín að stofnun Vistbyggðarráðs og sú kraftmikla vinna sem átt hefur sér stað á fyrsta starfsári þess verði upphafið að bylgju umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í byggingariðnaði á Íslandi.

2 INNRI STARFSEMI

2.1 Fyrirmyndir Vistbyggðarráðs

Fyrirmyndir Vistbyggðarráðs eru svokölluð Green Building Councils, sem sum hver tilheyra jafnframt World Green Building Council sem stofnað var árið 2002. (sjá [www. http://www.worldgbc.org/](http://www.worldgbc.org/))

WGBC er óháð ráð sem hefur það að meginmarkmiði að flýta fyrir framþróun á vistvænni hönnun í byggingariðnaði í heiminum og vera alþjóðleg rödd vistvænna gilda og þróunar í mannvirkjagerð. Samtökin veita aðildarfélögnum aðstoð og upplýsingar, sjá til þess að starf þeirra sé árangursríkt og að þau vinni saman og miðli þekkingu og reynslu sín í milli.

2.2 Forsaga félagsins

Til er í heiminum heill frumskógur af alls kyns umhverfisvottunum og aðferðum til að hanna, byggja og skipuleggja á vistvænan hátt. Vegna þessa hefur vaknað þörf fyrir sameiginlega stefnumörkun á þessu sviði í hverju landi. Það er ekki síst í litlu samfélagi eins og okkar sem þörfin fyrir samvinnu og samræmingu er brýn, enda getur verið mjög kostnaðarsamt að dreifa kröftunum auk þess sem það getur verið villandi fyrir almenning að ekki sé til sameiginleg stefna í þessum málaflokki og að mörg kerfi séu í notkun.

Í upphafi árs 2009 fór hugmyndin um að stofna einhvers konar „Icelandic Green Building Council“ að taka á sig mynd fyrir alvöru. Á vordögum sama ár voru haldnir þrjú fundir um stofnun slíkra samtaka og hugsanlega upptöku og aðlögun umhverfisvottunarkerfis hér á landi. Fenginn var gestafyrirlesari frá BRE (Building Research Establishment) til að fjalla um BREEAM kerfið og hugsanlega aðlögun þess að íslenskum aðstæðum og annar frá DGBC (Dutch Green Building Council) til að fjalla um stofnun þeirra samtaka og aðlögun BREEAM að hollenskum aðstæðum. Á fundunum sköpuðust líflegar umræður um málefnið og í stuttu máli má segja að þátttakendur hafi verið sammála um þörfina á að stofna samtök til að vinna sameiginlega að markmiðum um vistvæna byggð á Íslandi. Skiptar skoðanir voru hins vegar á því hvort og þá hvaða viðmið eða vottunarkerfi við ættum að taka upp. Að þessum fundum afstöðnum var myndaður vinnuhópur um undirbúning að stofnun „Green Building Council“ á Íslandi. Í hópnum sátu fulltrúar opinberra aðila, verkfræðistofa, arkitektastofa og verktaka. Þetta voru Björn Karlsson frá Brunamálastofnun, Egill Guðmundsson frá Arkís, Halldór Eiríksson frá TARK, Helga J. Bjarnadóttir frá EFLU verkfræðistofu, Hróðný Njarðardóttir frá OR, Jón Sigurðsson frá OR, Kristveig Sigurðardóttir frá Almennu verkfræðistofunni, Lena Kadmark frá FSR, Óskar Valdimarsson frá FSR, Rúnar Gunnarsson frá Reykjavíkurborg, Sverrir Bollason frá VSÓ ráðgjöf, Þorleifur Björnsson frá ÍAV og Ögmundur Skarphéðinsson frá Hornsteinum arkitektum.

Undirbúningshópurinn vann ötullega að undirbúningi stofnunar félagsins og skilaði af sér hlutverki sínu á stofnfundi félagsins, þegar nýkjörin stjórn tók við.


2.3 Stofnfélagar

Eftirfarandi fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög eru stofnfélagar í Vistbyggðarráði.

Almenna verkfræðistofan hf.	BYKO
Arkitektúr.is	Brunamálastofnun
Arkís ehf	EFF Eignarhaldsfélagið Fasteign
ASK arkitektar	EFLA
Basalt Arkitektar	Fasteignir Ríkissjóðs

Framkvæmdasýsla Ríkisins	Orkuveita Reykjavíkur
Hornsteinar arkitektar	Reitir Fasteignafélag
Háskólinn í Reykjavík	Reykjavíkurborg
Húsasmiðjan	Ríkiskaup
ÍAV	Sesseljuhús umhverfissetur
Ístak hf.	Teiknistofan Tark ehf.
KJG Ráðgjöf	THG arkitektar
Landslag ehf.	Urriðaholt hf.
Landsvirkjun	Verkís
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	VSÓ Ráðgjöf
Mannvit	Verkfræðistofnun Háskóla Íslands

Til að fá yfirlit yfir fjölbreytileika aðildarfélaga eru þeir í kökuritinu hér fyrir aftan flokkaðir í níu flokka.



2.4 Tekjur félagsins

Aðildarfélagar borga árlegt félagsgjald og rekstur félagsins er sem stendur aðeins fjármagnaður með félagsgjöldum. Hver aðili getur valið um að greiða 100, 300 eða 500 þús. kr. Möguleikar félagsins á auknum tekjum eru annars vegar í gegnum fjölgun félaga, hins vegar með öflun styrkja til afmarkaðra verkefna. Í þeim löndum þar sem Green Building Councils eru jafnframt rekstraraðilar umhverfisstofnunarferfa, koma inn tekjur af bæði vottunum og fræðslu því tengdu. Ekki hefur enn verið ákveðið hvort Vistbyggðarráð taki að sér slíkan rekstur enn sem komið er.

2.5 Stjórn

Stjórn Vistbyggðarráðs er skipuð fimm mönnum auk tveggja varamanna. Á stofnfundi voru tveir stjórnarmanna kosnir til eins árs en hinir þrír til tveggja ára. Annar varamaðurinn var kosinn til tveggja ára en hinn til eins árs. Framvegis verða tveir einstaklingar kosnir í stjórn auk varamanns annað hvert ár frá fyrsta aðalfundi eftir stofnfund en þrír kosnir auk varamanns annað hvert ár frá öðrum aðalfundi. Skipunartími hvers stjórnarmanns er því venjulega tvö ár í senn, með undantekningu fyrsta árið.

Á stofnfundi Vistbyggðarráðs, þann 23. febrúar 2010, gáfu ellefu kosta á sér til stjórnarsetu. Stjórnin er samsett á eftirfarandi hátt:

Kristveig Sigurðardóttir	formaður	Almenna verkfræðistofan,
Elín Vignisdóttir	ritari	Verkís
Eysteinn Einarsson	gjaldkeri	Efla
Guðmundur Tryggvi Sigurðsson	meðstjórnandi	Reitir
Sverri Bollason	meðstjórnandi	VSÓ
Jón Sigurðsson	varamaður	Orkuveita Reykjavíkur
Halldór Eiríksson	varamaður	Tark

Elín Vignisdóttir, Guðmundur Tryggvi Sigurðsson, Eysteinn Einarsson og Jón Sigurðsson voru kosin til tveggja ára en Sverrir Bollason, Kristveig Sigurðardóttir og Halldór Eiríksson til eins árs.

2.6 Starfsmenn og starfsstöðvar

Stjórn ákvað á vordögum 2010 að ráða starfsmann í 50% starf í þrjá mánuði til að koma félaginu á legg. Sverrir Bollason var ráðinn í þetta starf og var hlutverk hans fyrst og fremst að byggja upp grunnstoðir félagsins, leggja fram drög að rekstrar- og starfsáætlun, koma bókhaldi í farveg og vera stjórn innan handar með ýmis verkefni á þessum fyrstu mánuðum félagsins.

Í byrjun sumars 2010 auglýsti félagið svo eftir framtíðarstarfsmanni og réði í kjölfarið framkvæmdastýru í 50% stöðu. Sigríður Björk Jónsdóttir var ráðin og tók til starfa í ágúst síðastliðnum.

Fast heimilisfang Vistbyggðarráðs er hjá Framkvæmdasýslu ríkisins í Borgartúni 7. Starfsstöð framkvæmdastýru færir hins vegar á milli aðildarféлага. Starfsaðstaðan var hjá Framkvæmdasýslunni frá ágúst 2010 til loka febrúarmánaðar 2010 en þá fluttist starfsaðstaðan til Eflu að Höfðabakka 9.

2.7 Starfsemi

Almennri starfsemi félagsins má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða innra starf sem fer að mestu fram í sjálfstæðum vinnuhópum um afmörkuð málefni. Í öðru lagi er hlutverk Vistbyggðarráðs að miðla almennri þekkingu um vistvænar aðferðir og áherslur til almennings. Það er einkum gert með virkri vefsíðu, opnum málefnafundum og ráðstefnum. Í þriðja lagi er lögð áhersla á að vera í samstarfi við ýmsa aðila bæði um einstök verkefni og viðburði sem tengjast grunnmarkmiðum félagsins.

2.8 Vinnuhópar

Stofnaðir hafa verið fimm vinnuhópar innan Vistbyggðarráðs og hafa þeir allir hafið störf:

- Vistvæni á Íslandi

- Vistvænt skipulag
- Endurskoðun byggingarreglugerðar
- Orkunýting vistvænna bygginga
- Vistvæn byggingarefni

Hlutverk og starf vinnuhópanna er nokkuð mismunandi en hér á eftir fara stuttar lýsingar á hverjum hópi. Vel hefur gengið að manna hópana, sem sýnir mikinn áhuga á starfsemi Vistbyggðarráðs og lofar góðu um innra starf ráðsins í framtíðinni.

Vistvæni á Íslandi. Hlutverk hópsins er að skilgreina sérstöðu íslenskra aðstæðna varðandi umhverfissvottun, skilgreina og fjalla um tæknileg grundvallaratriði og áherslur varðandi vistvæni á Íslandi. Bera saman við núverandi vottunarkerfi og meta hvort hentugra sé að skoða aðlögun að þeim kerfum sem til eru.

Vistvænt skipulag. Farið verði meðal annars yfir það hver sé staða skipulagslaga og reglugerða varðandi vistvænt skipulag, en endurskoðun laga og reglna á sér stað um þessar mundir. Sérstaklega verði skoðað hvernig vistvænt skipulag tengist einstökum skipulagsstigum hérlendis. Jafnframt verði farið yfir stöðu vistvænnar skipulagshugsunar, vottunarkerfi fyrir skipulag eða staðla og önnur viðmið um það hvernig vinna eigi að vistvænu skipulagi og mikilvægi þess að koma inn leiðbeiningum um vinnulag um hvaða þættir skipta máli við gerð vistvæns skipulags.

Endurskoðun byggingareglugerðar. Endurskoðaðri byggingarreglugerð er ætlað er að standast samanburð við það sem best gerist hvað varðar sjálfbæra þróun þar sem opin stjórnsýsla, gegnsæi og lýðræðisumbætur eru höfð að leiðarljósi. Vinnuhóp Vistbyggðarráðs var falið að taka þátt í endurskoðun á þremur köflum í nýrri reglugerð. Við vinnuna hefur verið höfð hliðsjón af nýju mannvirkjalögnum og áherslum í þeim meðal annars varðandi vistvæna byggingarhætti.

Orkunýting vistvænna bygginga. Farið verður yfir alþjóðleg vottunarkerfi með tilliti til orkupáttarins og það skoðað hvort að ástæða sé til að leita eftir sérstakri vottun (nýjum matsþætti) vegna vistvænna orkugjafa sem gefi sérstakt matsstig í vottunarferlinu. Þá verði hópnunum ætlað að greina stöðuna hér á landi varðandi orkugreiningu bygginga og jafnframt að kanna framboð og möguleika varðandi hugbúnað og greiningatæki fyrir orkumælingar í byggingum.

Vistvæn byggingarefni. Farið verður yfir framboð á vistvænum byggingarefnum hér á landi. Skoðað verður hvaða möguleikar eru fyrir hendi og við hvaða vottunarkerfi er verið að styðjast hérlendis og til samanburðar, hvaða kerfi eru í notkun á Norðurlöndunum. Hópurinn geri jafnframt tillögur að því hvernig sé hægt að hvetja bæði hönnuði, notendur og söluaðila til að auka framboð og innkaup á vistvænum byggingavörum og útbúi gátlista eða viðmið um það hvaða matsþættir eða kerfi eru almennt hafðir til hliðsjónar þegar talað er um vistvænt byggingarefni.

2.9 Stefnumótun - undirbúningur

Vorið 2010 voru tekin óformleg viðtöl við sextán af þeim aðilum sem ekki höfðu starfað í stjórn félagsins né tekið þátt í undirbúningsvinnu fyrir stofnfund. Formið var nokkuð laust en reynt var að kalla fram hugmynd um það hvað teljist mikill árangur af starfi Vistbyggðarráðs og hvað viðkomandi aðili kunnir að leggja til málanna. Ætlunin er að nýta helstu niðurstöður þessara viðtala í áframhaldandi stefnumótunarvinnu félagsins.

Helstu niðurstöður voru meðal annars þær að almennt þótti mönnum að Vistbyggðarráð væri nauðsynlegur og tímabær vettvangur og bjartsýni var um árangur af starfinu.

3 YTRI STARFSEMI

3.1 Kynningarmál

Vistbyggðarráð hefur hingað til að mestu kynnt sig og starfsemi sína annars vegar í gegnum heimasíðu sína og hins vegar með auglýsingum sendum á póstlista félagsins. Áherslur fyrsta starfsársins hafa fyrst og fremst verið á að koma innri starfsemi félagsins í góðan farveg. Nú þegar það hefur tekist verður stefnan sett á að kynna félagið betur út á við.

3.2 Vefsíða Vistbyggðarráðs

Heimasíða Vistbyggðarráðs, www.vbr.is, var formlega opnuð þann 21. október 2010. Ekki er starfandi sérstök vefstjórn en framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs sér um uppfærslu heimasíðunnar. Heimasíðan er í sífelldri þróun og þar er ávallt að finna nýjustu fréttir um þá viðburði sem félagið stendur fyrir á hverjum tíma, auk annars áhugaverðs efnis. Stefnt að því að bæta við upplýsingaefni, bæði almennu fræðsluefni sem og upplýsingum um það sem verið er að vinna á vegum einstakra vinnuhópa. Heimasíðan gegnir einnig mikilvægu hlutverki í starfi vinnuhópanna en ætlunin er að á síðunni verði hægt að skiptast á upplýsingum og hugmyndum.

3.3 Opnir fundir

Haldnir hafa verið fimm opnir fundir á vegum Vistbyggðarráðs frá síðast liðnu hausti. Fundirnir hafa yfirleitt verið vel sóttir og fróðlegar og skemmtilegar umræður skapast um málefnið. Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir opna fundi á starfsárinu.

21. október 2010: Vistvæn endurhönnun og norrænt samstarf. Fundurinn var hann haldinn í nýju húsnæði verkfræðistofunnar Eflu á Höfðabakka 9. Í upphafi fundarins kynnti Sigríður Björk Jónsdóttir framkvæmdastýra starfsemina framundan ásamt því að fara yfir stöðu Vistbyggðarráða á Norðurlöndunum og samstarf þeirra á meðal. Að því loknu opnaði Kristveig Sigurðardóttir, formaður stjórnar Vistbyggðarráðs nýja heimasíðu félagsins. Þá tóku við Arinbjörn Friðriksson og Helga J. Bjarnadóttir, verkfræðingar hjá Eflu og fóru yfir endurhönnun skrifstofuhúsnæðis að Höfðabakka 9 og BREEAM vottun byggingarinnar. Að lokum fór Guðmundur Tryggvi Sigurðsson forstöðumaður eignaumsýslu Reita hf. sem eiga bygginguna yfir sýn fasteignafélagsins á vistvæna hönnun almennt. Þegar dagskrá var tæmd og umræðum lokið var farið í skoðunarferð um húsnæðið.

25. nóvember 2010: Umhverfisvottun –opinber stefna. Í erindi sínu, *Vistvæn byggð í borgarskipulagi*, fór Páll Hjaltason yfir vistvænar áherslur Reykjavíkurborgar í skipulagsmálum. Óskar Valdimarsson flutti erindi sem hann kallaði, *Frá stefnu til framkvæmdar*. Í lok fundarins sköpuðust áhugaverðar umræður m.a. um mikilvægi þess að miðla þekkingu og nauðsyn þess að farið verði með marvissum hætti í frekari rannsóknir á þessu sviði vistvænnar byggðar. Þá var velt upp spurningum eins og þeirri hvort og hvernig hið opinbera geti brúað bilið frá stefnu til framkvæmdar og hver sé stefnumótun sveitarfélaga á þessu sviði og hvernig hún fari saman við stefnu ríkisins eins og hún er sett fram í bæði Menningarstefnu í mannvirkjagerð frá 2007 og svo nýjum skipulagslögum frá 1. janúar 2011.

17. febrúar 2011: Hvað kom fram á ráðstefnu norrænu vistbyggðarráðanna? Í kjölfar samnorrænnar ráðstefnu um vistvæna byggð stóð Vistbyggðarráð fyrir opnum fundi þar sem farið var yfir það helsta sem fram kom á ráðstefnunni sem haldin var í Stokkhólmi, 10.-11. febrúar 2011. Níu Íslendingar sóttu ráðstefnuna. Á fundinum gafst mönnum tækifæri á að miðla upplýsingum og efla umræðuna um vistvæna stefnumótun,

sjálfbæra hönnun og markaðssetningu vistvænna bygginga. Einnig var farið yfir reynslu af notkun umhverfsvottunarkerfa og almennra viðmiða fyrir vistvænar byggingar á Norðurlöndunum.

24.febrúar 2011: Ársafmæli Vistbyggðarráðs haldið í húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í tilefni ársafmælis Vistbyggðarráðs þann 23. febrúar var daginn eftir haldið upp á afmælið með opnum fundi og skoðunarferð um hús Náttúrufræðistofnunar í Urriðaholti í Garðabæ. Sigríður Björk Jónsdóttir framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs hóf fundinn með því að segja stuttlega frá því sem framundan er hjá Vistbyggðarráði. Egill Guðmundsson og Björn Guðbrandsson arkitektar hjá Arkís og hönnuðir byggingarinnar fóru því næst yfir áherslur í hönnun hússins. Að lokum fór Þorlákur Jónsson frá Almennu Verkfræðistofunni yfir helstu áherslur náttúrulegrar loftræstingar í byggingunni. Að formlegri dagskrá umræðum loknum var farið í skoðunarferð um húsnæðið.

17.mars 2011: Málþing um vistmennt í arkitektúr og skipulagi. Vistbyggðarráð og Vistmennt stóðu saman að málþingi um vistmennt í arkitektúr og skipulagi. Á málþinginu hélt Sigríður Björk Jónsdóttir, framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs, erindið *Hver er sýn Vistbyggðarráðs á menntun til sjálfbærni?*, Halldór Eiríksson, arkitekt, fjallaði um efnið *Hvernig lítur vistvænt Ísland út? Sérstaða Íslands í vistvænu tilliti*, Kristín Þorleifsdóttir, landslagsarkitekt og verkefnisstjóri, kynnti Vistmenntarverkefnið sem hún stýrir, Sigurður Eyberg Jóhannesson, umhverfisverkfræðingur hélt erindi um vistspor Íslands og Jón Ásgeir Kalmansson, heimspekingur, fjallaði um *siðfræði og sjálfbærni*. Að formlegri dagskrá lokinni var sett af stað greiningarvinna með fjögur mismunandi þemu; 1) Hversu vel er hinn almenni neytandi meðvitaður um umhverfisgæði og vistvænar áherslur? 2) Hvernig er hið byggða umhverfi meðhöndlað í stefnumótun stjórnvalda á sviði sjálfbærni? 3) Hver er staðan í vistmennt á mismunandi skólastigum og hvernig getur námsumhverfið endurspeglað vistvænar áherslur? 4) Hverju skila vistvænar áherslur í grunn- og endurmenntun arkitekta og annarra umhverfishönnuða? og 5) Hvaða þýðingu hafa vistvænar áherslur í grunn- og endurmenntun iðnaðarmanna?

3.4 Ráðstefna norrænu vistbyggðarráðanna í febrúar 2011

Margt áhugavert kom fram á ráðstefnu norrænu vistbyggðarráðanna sem haldin var í Stokkhólmi dagana 10. - 11. febrúar 2011. Góð þátttaka var á ráðstefnunni frá öllum Norðurlöndunum, en alls voru 9 fulltrúar frá Íslandi á ráðstefnunni. Fyrri daginn voru fluttir fyrirlestrar um ýmis málefni er tengjast mannvirkjagerð, hönnun og grænni markaðssetningu. Þá var sérstaklega rætt um það hvernig Vistbyggðarráðin og þeir sem almennt eru að vinna að mannvirkjagerð með sjálfbæra þróun að leiðarljósi geti ýtt undir og hvatt til frekari og almennari þróunar á þessu sviði. Einnig voru kynnt ýmis verkefni sem verið er að vinna að t.d. varðandi orkunýtingu og grænan rekstur bygginga, rannsóknir á vottunarkerfum og margt fleira. Seinni dagurinn var nýttur í vinnustofur um mismunandi málefni. Vistbyggðarráð stjórnaði vinnustofu um menntun norrænna Vistbyggðarráða. Hægt er að nálgast fyrirlestraglærur á heimasíðu sænska vistbyggðarráðsins, www.sqbc.se og upptöku af fyrirlestrunum á www.youtube.com. Ráðstefnan var í alla staði vel heppnuð og leggur svo sannarlega grunn að áframhaldandi farsælu samstarfi norrænu Vistbyggðarráðanna.

3.5 Undirbúningur ráðstefnu Vistbyggðarráðs og Vistmenntar

Hafinn er undirbúningur fyrir sameiginlega ráðstefnu Vistbyggðarráðs og Vistmenntar. Ráðstefnan verður haldin þann 12.maí næstkomandi. Á fyrri hluta ráðstefnunnar verða áhugaverð erindi bæði innlendra og erlendra aðila. Seinni hlutinn verður hins vegar tileinkaður vinnuhópum Vistbyggðarráðs. Þar munu vinnuhóparnir kynna stöðu verkefna sinna, helstu niðurstöður og framhald vinnunnar.

4 INNLENT OG ERLENT SAMSTARF

4.1 Norrænu vistbyggðarráðin

Víða um heim eru til eða eru að verða til svo kölluð Vistbyggðarráð, eða „Green Building Councils“. Slík samtök eru til dæmis nýstofnuð á Norðurlöndunum öllum. Vistbyggðarráð Íslands hefur verið í sambandi við norrænu ráðin þar sem einkum er verið að horfa til samvinnu varðandi rannsóknir og þróun ýmissa vottunarkerfa fyrir byggingar og skipulag. Vistbyggðarráð leggur mikið upp úr því að vera í góðu samstarfi við systurfélög á Norðurlöndunum og verður þá um leið mikilvægur tengiliður fyrir aðila sem eru félagar í Vistbyggðarráði.

Snemma árs 2010 veitti norræni nýsköpunarsjóðurinn (NICe) styrk til samnorræns verkefnis sem miðaði að því að efla samstarf vistbyggðarráða á Norðurlöndunum, einkum hvað varðar skoðun og mat á vottunarkerfum. Þessi styrkur hefur gert fulltrúum norrænu vistbyggðarráðanna kleift að hittast tvisvar á síðastliðnu hausti og í kjölfar samvinnu sinnar efna til glæsilegrar ráðstefnu í Stokkhólmi í febrúar á þessu ári. Ætlunin er að treysta enn frekar tengslanetið sem þegar hefur myndast og hefur nú þegar verið ákveðið að halda samnorræna ráðstefnu í Osló í febrúar 2012. Einnig hefur meðal annars verið rætt um samskipti vinnuhópa sem vinna að sömu málefnum í öllum löndunum.

4.2 Vistmennt

Leonardo menntaáætlun Evrópusambandsins hefur veitt Endurmenntun Háskóla Íslands, Arkitektafélagi Íslands, Tækniskólanum, Iðunni fræðslusetri og þremur öðrum samstarfsaðilum í Danmörku og Englandi, styrk til þýðingar, staðfærslu og þróunar á námsefni um sjálfbæra hönnun og gerð bygginga. Styrkurinn er til tveggja ára. Verkefnið ber heitið „Dawn of sustainability“ eða Vistmennt upp á íslenska tungu. Markmið þess er að miðla þekkingu til fagfólks um sjálfbærni og vistvænt umhverfi. Það er von allra samstarfsaðila að samningurinn marki upphaf á löngu ferli sem mun hafa í för með sér að kennsla í vistfræðum og sjálfbærni verði hluti af námi á öllum skólastigum í framtíðinni og að þjóðin verði meðvituð um mikilvægi umhverfis og vistkerfis.

Vistbyggðarráð og Vistmennt hafa gert samkomulag um samstarf næstu 2 árin, eða til loka ársins 2012. Að þeim tíma loknum verði samkomulagið tekið til endurskoðunar með það að markmiði að Vistbyggðarráð taki yfir verkefnið og haldi utan um gagnagrunninn á heimasíðu sinni.

Samstarfið felur m.a. í sér að Vistmennt og Vistbyggðarráð munu nýta sameiginlega reynslu, aðstöðu og tengslanet beggja aðila til þess að móta stefnu á sviði vistmenntunar. Stefnan verður unnin á grundvelli þeirrar greiningar sem Vistmenntarverkefnið mun fara í við mótun og aðlögun kennsluefnis á þessu sviði. Samstarfið verður einnig í tengslum við ýmsa viðburði s.s. málþing um menntun og ráðstefnu. Samstarfið verður án efa til þess styrkja og styðja við hlutverk Vistbyggðarráðs á sviði menntunar í framtíðinni. .

4.3 Vistland

Vistland er hópur, samsettur af arkitektanemum og grafískum hönnuðum, sem vann á árinu 2010 að verkefni sem styrkt var af Rannís. Verkefnið snérist um að taka saman þær rannsóknir og þá aðila sem tengjast sjálfbærni og vistvæni í íslenski húsagerð og koma upp gagnagrunni þar sem hægt væri að kynna sér hvað felst í vistvænum og sjálfbærum arkitektúr. Verkefni var unnið undir handleiðslu Halldórs Eiríkssonar, arkitekts hjá Tark teiknistofu. Vistlandshópurinn hefur unnið drög að vef á wiki-formi sem mun innihalda greinar um helstu hugtök, arkitekta, verkfræðinga, stofnanir, rannsóknir o.s.frv. Á vefnum verða bæði wiki-greinar sem

hægt verður að breyta eftir þörf, en einnig er ætlunin að bjóða nokkrum vel völdum einstaklingum að skrifa pistla um sín hugðarefni. Framtíðarsýnin er sú að með tíð og tíma byggist upp ítarlegur gagnagrunnur sem gæti nýst bæði fagmönnum sem og hverjum þeim sem kynni að hafa áhuga á þessum málefnum.

Verkefnið er nú í bið vegna fjárskorts. Vistbyggðarráð og Vistlandshópurinn hafa verið í góðu sambandi og áhugi er á því að halda tengslunum virkum, enda er þarna um sameiginlega hagsmuni að ræða. Vistbyggðarráð verður í samvinnu við Vistland í tengslum við sýningu um grænan arkitektúr sem Vistland mun standa fyrir á haustmánuðum 2011 og þá einkum varðandi fyrirlestra eða viðburðum tengdum sýningunni.

4.4 Styrkur TEG

Vistbyggðarráð og Vistmennt í félagi með Arkitektafélag Íslands (AÍ) og félagi landslagsarkitekta (FILA) sóttu sameiginlega í lok árs 2010 um styrk til TEG (Terrestre Ekosystem Gruppe) vegna umhverfisvottunar byggingalands. Vistbyggðarráð verður aðalumsóknaraðili og mun jafnframt hafa ákveðna umsýslu með verkefninu. TEG sjóðurinn styrkir meðal annars verkefni sem fjalla um vistfræðilega fjölbreytni og menningarlandslag. Styrkur upp á tæplega 400 þúsund kr. fékkst og er ætlunin að vinna að umsókn um stærri styrk í samstarfi við ýmsa aðila á Norðurlöndunum, þar með talið norrænu Vistbyggðarráðin.

5 AÐ LOKUM

Framundan eru spennandi tímar í starfi Vistbyggðarráðs. Meðal þess sem unnið verður að á næsta starfsári er ráðstefna Vistbyggðarráðs og Vistmenntar þann 12. maí, ítarleg stefnumótunarvinna um framtíð ráðsins, vinna að kynningu ráðsins út á við og fjölgun aðildarféлага, þátttaka í ráðstefnu norrænu vistbyggðarráðanna í Osló 2012, umsóknir um styrki, áframhaldandi samstarf við innlenda og erlenda aðila og opnir fundir. Einnig verður áfram unnið að því að styrkja og efla vefsíðuna sem miðstöð upplýsingaöflunar um bæði starfsemina og málefni sem tengjast vistvænni byggð og sjálfbærri þróun.

Stjórn félagsins þakkar Sigríði Björk Jónsdóttur, framkvæmdastýru Vistbyggðarráðs, sérstaklega fyrir það frábæra starf sem hún hefur unnið fyrir félagið. Stjórnin vill einnig þakka öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóginn við starfsemi félagsins þetta fyrsta starfsár t.d. með þátttöku í vinnuhópum, erindum á opnum fundum félagsins og undirbúningi viðburða. Með áframhaldandi virkri þátttöku í starfsemi félagsins er auðvelt að horfa björtum augum á framtíðarstarfsemi Vistbyggðarráðs.

Mig langar að þakka öllum stjórnarmönnum, þeim Elínu Vignisdóttur, Eysteini Einarssyni, Guðmundi Tryggva Sigurðssyni, Sverri Bollasyni, Halldóri Eiríkssyni, Jóni Sigurðssyni og Óskari Valdimarssyni, sem kom tímabundið inn í stjórn, fyrir ánægjulegt samstarf. Nú á aðalfundi þessum verða breytingar á stjórn félagsins þar sem Sverrir Bollason og Halldór Eiríksson hverfa úr stjórn. Þeim þakka ég gott starf í þágu félagsins og vonast til að þeir muni áfram vera virkir í félaginu þó þeir sitji utan stjórnar. Auk þeirra lætur undirrituð, Kristveig Sigurðardóttir, af störfum sem stjórnarformaður félagsins. Eftirsitjandi stjórnarmönnum Elínu Vignisdóttur, Eysteini Einarssyni, Guðmundi Tryggva Sigurðssyni og Jóni Sigurðssyni óska ég velfarnaðar í áframhaldandi starfi. Framkvæmdastýru félagsins, Sigríði Björk Jónsdóttur, vil ég að lokum þakka sérstaklega fyrir ánægjulegt samstarf á starfsárinu og óska henni alls hins besta í framtíðarstarfi Vistbyggðarráðs.

Kristveig Sigurðardóttir
Formaður stjórnar Vistbyggðarráðs

Reykjavík, 8. apríl 2011

Áritun framkvæmdastýru:

Sigríður Björk Jónsdóttir

Áritun stjórnar:

Kristveig Sigurðardóttir

Elín Vignisdóttir

Eysteinn Einarsson

Guðmundur Tryggvi Sigurðsson

Sverri Bollason

Jón Sigurðsson

Halldór Eiríksson
